

fram og aftur, og var næsta glaðlegur. Því næst hljóp hann út, og fór húsbóndi hans á eftir honum, og allir hinir, sem að borðum sátu, uns þeir komu út úr bænum að á einni, og á brú nokkra, sem þar var á. Þar nam hundurinn staðar, stökk þegar í ána, og svam yfir til eyjar einnar eða sandeyri, sem var í miðri ánni.

Í sömu svipan kom þar að stúlka ein lítil, á að sjá sjö eða átta vetra; hún var grátandi, og sagði, að bróðir hennar þrjúvetur hefði fallið af brúnni niður í ána; hundurinn hefði legið þar á brúnni, stokkið þegar á eftir honum, bitið hann til bana, og synt með hann yfir á sandeyrina. Nú sáu hinir barn eitt lítið á eyrinni; hundurinn stóð yfir því og sleikti það, og rendi við og við augum til húsbónda síns, sem hann biði bods þess, að koma með barnið; en Görkingk þorði ekki á það að hætta, og kallaði til hundsins: „Ligðu kyrr.“ Hundurinn lagðist þegar niður hjá barninu, og var að sleikja það, uns það var sótt á báti.

Nú var barnið vandlega skoðað, og varð sú raunin á, að barnið var með öllu óskaddað, en ekki bitið til bana, sem stúlkan hafði sagt. Hundurinn hafði stokkið í ána til að frelsa barnið, tekið í klæði þess og synt með það yfir á evrina, þar sem hann átti hægast að bera það á land. Barnið var óskemt og hélt bæði lífi og heilsu.

---

### MÝSNAR.

(Eftir *E. Beycr.*)

Einu sinni héldu mýsnar fund með sér um það, hvaða ráð myndi bezt, til þess að verjast kettinum. „Eg þekki gott ráð!“ —gall við ung mús. „Við skulum hengja litla bjöllu á kisu. Þá getum við æfinlega heyrt til hennar, þegar hún kemur, og í tíma forðað okkur og hlaupið inn í holur okkar.“ — Öllum músunum fanst þetta þjóðráð og þær glöddust mjög, tístu, stukku og dönsuðu hver með annarri af fögnuði og sögðu: „Nú skal kisa aldrei gera okkur neitt mein framar!“

Þarna í horni einu lá hálsband, sem hvölpur hafði átt, og voru tvær smá-bjöllur á því. Mýsnar fara nú allar að naga, og nögudu aðra bjölluna af hálsbandinu. En að því búnu spurja þær hver aðra: „Hver á nú að hengja bjölluna á kisu.“—En engin þeirra þorði að gera það. Fóru svo allar sneypar aftur inn í holur sínar.

---